



ÁRSSKÝRSLA

Árið 2021

@fjolmennt

á instagram og facebook



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	3
Inngangur.....	4
Um Fjölmennt.....	5
1. Starfsemin á höfuðborgarsvæðinu	5
Fjármál, starfsfólk og starfstími	6
Starfstími.....	8
Fræðsla starfsfólks.....	8
Námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi	9
Kennslustaðir Fjölmenntar og samstarfsaðila á höfuðborgarsvæðinu	10
Styrkir	10
Erlent samstarf.....	11
Samstarf við aðrar menntastofnanir	12
Framtíðarsýn.....	13
Gildi Fjölmenntar	14
Önnur verkefni	15
Kynningarmál	16
2. Nám fyrir fólk með geðrænar áskoranir.....	17
3. Starfsemi ráðgjafardeildar	18
Móttaka nýrra þátttakenda á námskeiðum Fjölmenntar.....	18
Tengsl við símenntunarstöðvar	18
Fréttabréf	19
Önnur viðfangsefni.....	19
4. Samstarf við símenntunarstöðvar	21
Lokaorð	22

Ávarp stjórnarformanns

Starfsárið 2021 markaðist að miklu leyti af kórónuveirufaraldrinum sem geisað hefur sl. 2 ár. Allir starfsmenn eru löngu orðnir sérfræðingar í smitvörnum, veirusýkingum, öndunargrímum og hverju því öðru sem tengist kórónuveirunni COVID-19. Markmið allra hefur verið að minnka líkur á smiti hjá nemendum Fjölmenntar. Sem betur fer tókst það vel og verður það seint þakkað nægilega. Starfsemi Fjölmenntar raskaðist hins vegar talsvert. Nemendur gátu ekki allir nýtt þau námstilboð sem í boði voru vegna ýmissa takmarkana og námskeiðum var breytt eða þau felld niður. Vonandi erum við nú komin fyrir horn með heimsfaraldurinn svo starfsemi Fjölmenntar komist í eðlilegt far aftur. Tónleikar og vorfagnaður Fjölmenntar féllu niður í heimsfaraldrinum en nú er kominn tími á ný fyrir gleði- og menningarviðburði !

Á starfsárinu voru haldnar Alþingiskosningar og gerðar í kjölfarið breytingar á ráðuneytum. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu var skipt upp og nú fellur starfsemi Fjölmenntar undir ráðuneyti félags- og vinnumarkaðsmála eins og gildir um aðrar símenntunarstöðvar. Kallað hefur verið eftir fundi með nýjum ráðherra og verður hann haldinn á vordögum 2022. Endurskoða þarf þjónustusamning ríkisins við Fjölmennt og skilgreina betur hlutverk okkar og verkefni. Væntum við góðs af samvinnu við nýjan ráðherra.

Samstarf við nemendur, starfsfólk heimila og aðra samstarfsaðila Fjölmenntar hefur verið afar farsælt á starfsárinu og er það þakkarvert. Starfsfólki öllu og stjórnendum eru færðar þakkir fyrir sitt framlag til að gera Fjölmennt að þeirri öfluglu starfsemi sem raunin er.

Reykjavík, 11. maí 2022

Fyrir hönd stjórnar Fjölmenntar,

Gerður A. Árnadóttir formaður

Inngangur

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar árið 2021. Skýrslan er í 4 köflum. Fyrsti kafli fjallar um starfsemina á höfuðborgarsvæðinu. Annar kafli fjallar um nám fyrir fólk með geðrænar áskoranir. Þriðji um starfsemi ráðgjafardeildar Fjölmenntar og sá fjórði er um samstarf við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni. Í fylgiskjölum eru tölur um fjölda námskeiða, þátttakendur á námskeiðum, kennslustundafjölda og fleiri tölulegar upplýsingar.

STJÓRN FJÖLMENNTAR

Stjórn Fjölmenntar skipa:

- Gerður Aagot Árnadóttir, formaður, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Kristján Sigurmundsson, varaformaður, skipaður af Öryrkjabandalagi Íslands
- Hróbjartur Árnason, ritari, skipaður af Menntavísindasviði Háskóla Íslands
- Haukur Guðmundsson, meðstjórnandi, skipaður af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Bjargey Una Hinriksdóttir, meðstjórnandi, skipuð af Öryrkjabandalagi Íslands



Stjórn Fjölmenntar 2019-2022 ásamt forstöðumanni.

Á myndina vantar Bjargeyju Unu Hinriksdóttur.

Varamenn:

- Aileen Soffía Svendsdóttir og Sigmundur Stefánsson, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Guðrún Barbara Tryggvadóttir og Hrönn Stefánsdóttir, skipaðar af Öryrkjabandalagi Íslands

Stjórnarfundir á árinu 2021 voru 7 talsins. Ársfundur var haldinn 17. maí.

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Um Fjölmennt

Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð er sjálfseignastofnun og eigendur hennar eru Landssamtökin Þroskahjálpar og Öryrkjabandalag Íslands. Þessi félög tilnefna hvort um sig tvo fulltrúa í stjórn og einn fulltrúi er frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Hlutverk Fjölmenntar er að sinna símenntun fatlaðs fólks, 20 ára og eldra sem þarfnast sérstaks stuðnings í námi. Er þar einkum litið til fólks með þroskahömlun, fólks á einhverfurófi og fólks með geðrænar áskoranir. Fjölmennt starfar samkvæmt þjónustusamningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og fjárveitingar til starfseminnar eru ákvarðaðar af Alþingi á fjárlögum. Fjölmennt hefur aðsetur í Vínlandsleið 14 í Reykjavík þar sem kennslan fer að mestu fram. Fjölmennt sinnir ráðgjöf um allt land varðandi menntun fyrir fullorðið fatlað fólk. Þá eru gerðir samningar við símenntunarstöðvar um símenntun fatlaðs fólks á landsbyggðinni.

1. Starfsemin á höfuðborgarsvæðinu

Árinu er skipt í fjögur námskeiðstímabil: Námskeið á vorönn, sumarnámskeið, námskeið á haustönn og jólanámskeið. Annarnámskeiðin eru mislög, frá því að vera 2-3 vikur í að ná yfir alla önnina. Sumar- og jólanámskeið eru yfirleitt 1-2 skipti. Ásgerður Hauksdóttir verkefnastjóri sér um inntöku á annarnámskeiðin og skipulagningu þeirra. Kristín Eyjólfsdóttir þroskahjálpari hefur umsjón með sumar- og jólanámskeiðum.

Báðar annir ársins hefjast með viku undirbúningi og samstarfi við heimili þátttakenda í upphafi námskeiða, í júní og ágúst er unnið að nýjum námskeiðum, nýsköpunar- og þróunarstarfi og að verkefnum sem varða starfsemina í heild.



menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Fjármál, starfsfólk og starfstími

Árið 2021 var framlag til Fjölmenntar úr ríkissjóði tæpar 271 milljón króna. Námskeiðsgjöld ársins námu 13,5 milljónum sem er nokkuð hærra en árið 2020. Námskeiðsgjöld þessarra tveggja ára eru lægri en árin á undan vegna COVID-19 faraldursins sem hafði mikil áhrif á starfsemina þessi tvö ár.

Hjá Fjölmennt starfa 23 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli. Auk þess eru ráðnir verktakar bæði kennarar og stuðningsfulltrúar og fer fjöldinn eftir aðsókn á námskeið og fjárhagsstöðu hverju sinni. Mikill stöðugleiki er í starfsmannahaldi og hafa margir starfsmenn unnið lengi hjá Fjölmennt.



Myndir frá jólanámskeiðum í desember 2021.

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Starfsfólk á vorönn 2021:

Forstöðumaður í 100 % starfshlutfalli
15 kennarar með samtals 239,5 kennslustundir á viku
13 verktakar með samtals 582 kennslustundir yfir önnina
3 ráðgjafar í samtals 1,3% starfshlutfalli
Verkefnastjóri í símenntunardeild í 100% starfshlutfalli
Verkefnastjóri fyrir námi fólks með geðrænar áskoranir í 25% starfshlutfalli
Starfsmaður með tölvuumsjón 30% starfshlutfalli
Verkefnastjórn með verktökum og námskeiðum utanhúss 25% starfshlutfall
Starfsmaður vegna erlendra verkefna í 10% starfshlutfalli
Félagsliði í 100% starfshlutfalli
Starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 100% starfshlutfalli
3 stuðningsfulltrúar með samtals 11,5 klukkustundir á viku
Rekstrarstjóri í 50% starfshlutfalli
Fulltrúi á skrifstofu í 80% starfshlutfalli

Starfsfólk á haustönn 2021:

Forstöðumaður í 100 % starfshlutfalli
14 kennarar með samtals 215 kennslustundir á viku
8 verktakar með samtals 343 kennslustundir yfir önnina
3 ráðgjafar í samtals 1,3% starfshlutfalli
Verkefnastjóri í símenntunardeild í 100% starfshlutfalli
Verkefnastjóri fyrir námi fólks með geðrænar áskoranir í 25% starfshlutfalli
Starfsmaður með tölvuumsjón í 30% starfshlutfalli
Verkefnastjórn með verktökum og námskeiðum utanhúss í 25% starfshlutfalli
Félagsliði í 100% starfshlutfalli
Starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 100% starfshlutfalli
2 stuðningsfulltrúar með samtals 9 klukkustundir á viku
Rekstrarstjóri í 50% starfshlutfalli
Fulltrúi á skrifstofu í 80% starfshlutfalli

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Starfstími

Vorönn

Námskeiðstímabil: 11. janúar til
12. maí
Námskeiðsdagar: 80
Fjöldi námskeiða: 194
Kennslustundir samtals: 3.647
Þátttakendur: 400

Sumarnámskeið

Námskeiðstímabil: 21. maí til
1. júní
Fjöldi námskeiða: 55
Kennslustundir samtals: 131
Þátttakendur: 143

Haustönn

Námskeiðstímabil: 24. ágúst til
3. desember
Námskeiðsdagar: 71
Fjöldi námskeiða: 185
Kennslustundir samtals: 3.302
Þátttakendur: 400

Jólanámskeið

Námskeiðstímabil: 8. desember
til 17. desember
Fjöldi námskeiða: 93
Kennslustundir samtals: 204
Þátttakendur: 162

Fræðsla starfsfólks

Í kjarasamningum kennara eru ætlaðir 10 dagar á ári til endurmenntunar. Starfandi er fræðslunefnd innan Fjölmennatar sem kannar þörf fyrir endurmenntun starfsfólks og er reglulega boðið upp á fræðslu sem þörf er á hverju sinni. Starfsfólk er einnig duglegt að miðla reynslu sín á milli og læra hvert af öðru. Fræðsluþörf síðustu ára hefur einkum verið tengd tölvum og tæknimálum.

Námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi

Framboð á námskeiðum er fjölbreytt og boðið upp á námskeið í eftirfarandi námskeiðsflokkum:

- Íþróttir, sund og dans
- Heimilisfræði
- Myndlist og handverk
- Tónlist og leiklist
- Mál og samfélag
- Tölvu- og upplýsingatækni
- Sjálfstyrking og valdefling



Friðbjörg Proppé í söngnámi hjá Fjölmennt.

Námskeið Fjölmenntar eru flest haldin í húsnæði stofnunarinnar að Vínlandsleið 14. Námskeið í íþróttum, sundi, H.A.F. jóga, zumba dansi, zumba í vatni, keilu, jóga, leiklist og dansi eru haldin í íþróttahúsum, líkamsræktarstöðvum og sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu.



Myndir af námskeiðum í H.A.F. jóga

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Kennslustaðir Fjölmenntar og samstarfsaðila á höfuðborgarsvæðinu

Árið 2021 fór kennsla fram á eftirfarandi stöðum:

Vínlandsleið 14	Myndlistaskólinn í Kópavogi
Íþróttahús fatlaðra í Hátúni 6	Klúbburinn Geysir
Sundlaug í Fjölbrotarskólanum í Ármúla	Dansskólinn Hvönn
Sundhöll Reykjavíkur	Sjúkraþjálfunin Styrkur
World Class í Egilshöll	Sundlaug Sjálandsskóla
Keilusalurinn í Egilshöll	Málaskólinn Múltíkúltí
Ökuskólinn í Mjódd	Tölvuskólinn Promennt
Yogasmiðjan	Símenntunarstöðin Framvegis
Jógastöðin Ljósheimar	Plie dansskóli


Styrkir

Fjölmennt fékk á árinu 3.000.000 króna styrk frá *Öryrkjabandalagi Íslands*. Styrkurinn var veittur í lok árs og ákveðið að nota hann til að gera heimildarmynd um *Sendiherraverkefnið*. Það verkefni hófst árið 2011 og er nú lokið. Gerð myndarinnar fer fram á vorönn 2022.

Fjölmennt hefur undanfarin ár sótt um í náms- og styrkjasjóð Evrópusambandsins *Erasmus+* og hafa nú flestir kennarar stofnunarinnar farið í námsferðir erlendis. Á haustdögum fóru tveir starfsmenn í námsferð til Kaupmannahafnar. Skoðuðu þeir starfsemi á listasviði Gladfonden sem er sjálfseignastofnun þar sem fram fer fjölbreytt starfstengt nám. Starfsmenn Fjölmenntar hafa áður heimsótt þessa áhugaverðu stofnun. Forstöðumaður og verkefnisstjóri námskeiða hafa kynnt sér rekstur og stjórnun og tveir starfsmenn kynntu sér matreiðslu- og framreiðslustörf.

Erlent samstarf

Árið 2019 hófst Erasmus verkefni sem nefnist *Silver Age Learning*. Það er samstarf fimm landa og markmið verkefnisins er að undirbúa fólk fyrir þær breytingar sem fylgja hækkandi aldri og að gera eldri árin ánægjulegri. Þar sem markhópur verkefnisins var ekki fólk með þroskahömlun var Símenntunarstöðin á Vesturlandi fengin til samstarfs og hefur það samstarf gengið mjög vel. Verkefnið hefur verið árangursríkt og lýkur núna í sumar.



Samstarfið fór aðallega fram á fjarfundum

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Samstarf við aðrar menntastofnanir

Undanfarin ár hefur námskeiðið *Sterkari starfsmaður* verið haldið í samstarfi Fjölmenntar og Atvinnu með stuðningi. Ákveðið var að auka samstarfið og haustið 2021 voru haldnar tvær námsbrautir *Matvæla- og framreiðslubraut* og *Inngangur að grafískri vinnslu*. Þátttakendur á námsbrautunum komu frá AMS en framkvæmd og skipulag var í höndum Fjölmenntar.

Matvæla- og framreiðslubrautin var samtals 182 kennslustundir. Námið fór fram í Fjölmennt. Kenndar voru 15 kennslustundir á viku og mættu nemendur þrisvar í viku. Námið var hugsað fyrir þá sem hug hafa á að starfa í eldhúsi eða á veitingahúsi. Vegna COVID-19 voru aðeins þrjú þátttakendur teknir í námið og luku tveir námi. Þeir fengu báðir atvinnu í mötuneyti í gegnum AMS að námi loknu.

Inngangur að grafískri hönnun var samtals 60 kennslustundir og mættu þátttakendur tvisvar í viku 3 kennslustundir í senn. Námið fór fram í Tölvuskólanum Promennt.

Námsbrautin *Heilsa og lífsstíll* var haldin í samstarfi við símenntunarstöðina Framvegis. Námið var 105 kennslustundir og kennt var tvisvar í viku. Áhersla var lögð á að læra að taka ábyrgð á eigin heilsu, setja sér markmið um næringu og hreyfingu og kynnst fjölbreyttum aðferðum til að rækta líkama og sál.

Í samvinnu við Ökuskólann í Mjódd var boðið upp á bóklega kennslu í ökunámi og er kennt tvisvar í viku. Námskeiðið var í húsnæði ökuskólans en kennari frá Fjölmennt annaðist kennsluna.

Á haustönn hófst samstarf við Raketel Ágústsdóttur sem bauð upp á námskeiðið *H.A.F. jóga*. Námskeiðið er haldið í sérútbúinni sundlaug í Fjölbrautarskólanum í Ármúla.

Samstarf var við símenntunarstöðina Klifið. Þar var boðið upp á *Zumba í vatni* sem haldið var í Sundlaug Sjalandskóla.

Samstarf var við málaskólann Múltíkúltí. Þar voru haldin bæði ensku- og spænskunámskeið.



Mynd úr jógatíma í Yogasmiðjunni.

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Framtíðarsýn

Á næstu árum er brýnt að vinna að því að fötluðu fólki bjóðist fjölbreytt nám. Því má gróflega skipta í fjóra flokka: Atvinnutengt nám, nám í háskóla, nám við almennar menntastofnanir sem bjóða nám fyrir fullorðið fólk og tómsfundatengt nám.

Atvinnutengt nám þarf að vera í samstarfi við atvinnulífið. Námið á að miða að því að fólk sem er án atvinnu fái vinnu að því loknu en einnig þarf að tryggja þeim sem eru í vinnu aðgang að endurmenntun í sínu starfi. Nú á vormánuðum 2022 hófst samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um gerð starfstengdra námsbrauta fyrir markhóp Fjölmenntar. Þetta er mjög ánægjulegt skref sem mun fjölga tækifærum fatlaðs fólks á atvinnutengdu námi.

Í dag er boðið upp á diplómanám á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Þetta er metnaðarfullt nám og hefur opnað leiðir til atvinnu fyrir þá sem hafa lokið því. Það þarf að gera átak í að fjölga námstækifærum í háskóla, bæði á höfuðborgarsvæði og á landsbyggðinni. Undanfarin ár hefur Myndlistaskóli Reykjavíkur boðið upp á myndlistanám fyrir fólk með þroskahömlun og fólk á einhverfurófi, frábært nám sem vonandi verður áfram í boði.

Auka þarf aðgengi fatlaðs fólks að ýmsum menntastofnunum sem bjóða upp á nám fyrir fullorðið fólk svo sem tölvuskóla, málaskóla, tónlistarskóla og svo mætti áfram telja. Fjölmennt hefur í gegnum árin átt í farsælu samstarfi við ýmsa skóla af þessu tagi og það þarf að auka það.

Sá hópur sem stundar nám hjá Fjölmennt er mjög ólíkur. Sumir geta stundað nám í hóp á meðan aðrir þurfa einkakennslu. Það má ekki gleyma þeim sem eru í námi til að auka lífsgæði sín og því fólki sem hefur miklar stuðningsþarfir. Það hafa ekki allir áhuga á að fara í háskóla eða atvinnutengt nám og þá verður að bjóða upp á fjölbreytt tómsfundatengt námskeið fyrir þann hóp.



Frá ráðstefnunni Nám er fyrir okkur öll í mars 2022.

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Gildi Fjölmenntar

Um mitt ár 2019 hófst vinna við stefnumótun þar sem hugmyndafræði og hlutverk Fjölmenntar var tekið til endurskoðunar og unnið að nýjum gildum fyrir starfsemina. Allt starfsfólk Fjölmenntar tók þátt í vinnunni sem var undir stjórn Hróbjartar Árnasonar lektors á Menntavísindasviði HÍ sem jafnframt er í stjórn Fjölmenntar. Vegna COVID-19 tafðist vinnan og henni lauk árið 2021. Jafnframt textavinnu hafa verið unnin tákni fyrir hvert gildi.

Gildin eru yfirlýsing um hvað Fjölmennt stendur fyrir. Gildin mega ekki bara vera orð á blaði og lögð hefur verið vinna í að skoða hvernig þau raungerast í starfinu.

Gildin Fjölmenntar eru fjögur og það fyrsta er **menntun**. Fjölmennt er símenntunarstöð sem býður upp á fjölbreytt tækifæri til menntunar og fræðslu. Lögð er áhersla á að námið sem boðið er upp á sé í takt við það sem þeir sem sækja nám hjá Fjölmennt vilja.

Annað gildi er **valdefling**. Sem þýðir að námið á að styrkja þátttakendur í að ráða meiru í eigin lífi. Við viljum að þátttakendur á námskeiðum hafi möguleika á að koma með óskir um hvað tekið er fyrir á námskeiðum og því sem þeir vilja læra.

Þriðja gildið er **samstarf**. Við viljum eiga gott samstarf við þátttakendur á námskeiðum og aðstandendur þeirra. Samstarf getur skipt miklu máli um hvernig námið nýtist í daglegu lífi þátttakanda.

Fjórða gildið er **sveigjanleiki**. Námskeið Fjölmenntar eiga að vera bæði gagnleg og skemmtileg. Stundum þarf að breyta námskeiði og aðlaga það að vilja og þörfum þátttakanda.

Hér aftast í skýrslunni má sjá texta gildanna í heild sinni.

Önnur verkefni

Að beiðni Þroskahjálpar tók Fjölmennt að sér vinnu við að útbúa fræðsluefni um stofnun og starfsemi notendaráða. Þar sem mikil reynsla er á rekstri notendaráða hjá Fræðsluneti Suðurlands fengum við þau til samstarfs við vinnuna. Verkefninu lýkur nú í maí 2022.

Fjölmennt er aðili að hátíðinni *List án landamæra* og hefur átt fulltrúa í stjórn hennar frá upphafi.

Hefð er fyrir því að halda bæði vor- og jólatónleika þar sem þátttakendur á tónlistarnámskeiðum koma fram. Vegna COVID-19 var ekkert tónleikahald þetta árið. Einnig féll árleg árshátíð Fjölmenntar niður.



Soffía Þorkelsdóttir nemandi í Fjölmennt á einleikstónleikum í Iðnó á List án landamæra 2021.



Sindri Ploder listamaður hátíðarinnar árið 2020.

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki


Kynningarmál

Á heimasíðu Fjölmenntar eru upplýsingar um starfsemina og námskeiðin auglýst. Tölvupóstur er sendur til þeirra sem stundað hafa nám hjá Fjölmennt undanfarin ár og vakin athygli á námskeiðunum og minnt á umsóknarfrest. Fjölmennt heldur einnig út facebook síðu og Instagram reikningi. Þar eru birtar fréttir og myndir af námskeiðum.

Á vorin eru kynningar fyrir útskriftarnemendur á starfsbrautum framhaldsskóla. Í flestum tilfellum fara ráðgjafar og verkefnastjóri námskeiða Fjölmenntar í skólana en færst hefur í vöxt að útskriftarnemar komi í heimsókn og fái kynningu í Fjölmennt.

Reglulega er fundað með forstöðumönnum íbúðakjarna. Þá er farið yfir atriði tengd námskeiðum og hlustað á skoðanir og hugmyndir þeirra um námskeiðahaldið og reynt að mæta óskum þeirra.

Heimasíða Fjölmenntar <https://www.fjolmennt.is/is>



@fjolmennt á instagram og facebook



menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

2. Nám fyrir fólk með geðrænar áskoranir

Segja má að COVID-19 hafi haft nokkur áhrif á námskeiðahald í Geðræktarhópnum. Þátttakendur eru yfirleitt meðvitaðir varðandi sóttvarnir og hefur tímasókn að einhverju leyti farið eftir stöðu faraldursins hverju sinni. Einnig hafa þeir staðir, þar sem námskeiðin eru haldin, þurft að hafa lokað þegar sóttvarnir hafa verið hertar, sérstaklega þar sem þröngur húsakostur er. Erfiðleikar við mönnun í búsetuþjónustu hefur einnig haft áhrif á tímasókn nemenda.

Mikil samvinna hefur ávallt verið við nemendur og umboðsmenn/tengla þeirra, þar sem það á við svo sem í búsetu og dagþjónustu. Skapast hefur gott samstarf í gegn um tíðna um þau námskeið sem haldin hafa verið. Einnig hefur verið góð samvinna við kennara og aðra aðila sem að námskeiðunum standa. Á tímum COVID-19 hefur mikilvægi góðrar samvinnu skilað sér í auknu upplýsingaflæði, samskiptum og stuðningi við nemendur.

Í upphafi anna hefur verið leitað eftir tillögum að námskeiðum frá notendum þjónustunnar, umboðsmönnum/tenglum, starfsfólki í búsetu og dagþjónustu, félagsþjónustu, ýmsum þjónustuaðilum svo sem Landspítla - endurhæfingu og fleiri aðilum.

Undanfarin ár hafa nemendur í Fjölmennit Geðrækt flestir verið á aldursbilinu 35 – 65 ára og er það sá hópur sem mótað hefur þau námskeið sem við höfum boðið upp á, komið með hugmyndir og haft áhrif á framvindu starfsins. Ungt fólk hefur síður sótt um námskeið hjá Fjölmennit Geðrækt, þó hafa í gegnum tíðina verið haldin nokkur örnámskeið fyrir þann aldurshóp sérstaklega. Árið 2020 varð nokkur aukning á umsóknum frá ungu fólki og var mjög ánægjulegt að þjóna þeim hópi. Reyndum við sérstaklega að koma til móts við þau þar sem því varð við komið og var það okkur hvatning til að gera enn betur.

Aukning hefur verið á búsetuúrræðum á höfuðborgarsvæðinu fyrir ungt fólk með geðrænar áskoranir og hefur verkefnisstjóri verið í samvinnu/samtali, bæði við það sjálft eða, þar sem við á, umboðsmenn/tengla þeirra.

Vaxandi umræða hefur verið undanfarin ár, milli verkefnisstjóra og starfsfólks í annarri þjónustu á sviði geðræktar, um að reyna að ná til ungs fólks með geðrænar áskoranir, sem er vaxandi hópur í samfélaginu og höfum við áhuga á að efla þjónustu og stuðning við þann hóp í samvinnu og bjóða upp á námskeið sem þeim henta.

Anna Filippía Sigurðardóttir er verkefnastjóri námskeiða fyrir fólk með geðrænar áskoranir.

3. Starfsemi ráðgjafardeildar

Ráðgjafardeildin hefur 1,30 stöðugildi. Ráðgjafar eru:

Anna Soffía Óskarsdóttir, ráðgjafi vegna fólks með samsettar fatlanir í 50% starfshlutfalli

Jarprúður Þórhallsdóttir, ráðgjafi vegna fólks á einhverfurófi í 50% starfshlutfalli

Helle Kristensen, ráðgjafi vegna innleiðingar snjalltækja í 30% starfshlutfalli

Móttaka nýrra þátttakenda á námskeiðum Fjölmenntar

Móttaka nýrra þátttakenda og þeirra sem fá nýjan kennara er á verksviði ráðgjafa. Þeir hafa samband við alla nýja umsækjendur áður eða á meðan á inntökufurli stendur yfir. Síðan eru haldnir fundir með kennurum og hinum nýju þátttakendum ásamt talsmönnum þeirra. Fundirnir eru ýmist á heimili þeirra eða í húsnæði Fjölmenntar að vali þátttakenda. Í sumum tilvikum eiga þátttakendur erfitt með að vera á fundum og er fundurinn þá haldinn með talsmönnum þeirra og boðið upp á heimsókn fyrir þátttakendur með aðstoðarfólki. Það er afar mikilvægt fyrir mörg þeirra að hafa komið í húsnæðið og hitt kennara áður en námskeið hefst til að auðvelda þeim að hefja námið.

Stór hluti ráðgjafarinnar yfir önnina fer fram á misformlegum fundum og í samtölum við kennara í dagsins önn. Einnig hafa ráðgjafar verið með skipulagða fræðslu fyrir starfsfólk Fjölmenntar og þá í samstarfi við fræðslunefnd sem allir ráðgjafarnir eru í ásamt tveimur fulltrúum kennara.

Tengsl við símenntunarstöðvar

Auk þess að verða við óskum símenntunarstöðvanna um ráðgjöf og fræðslu hefur ráðgjafardeildin ákveðna frumkvæðisskyldu hvað varðar að bjóða fram stuðning og ráðgjöf. Ráðgjafar hafa samband við allar stöðvar til að minna á þjónustu deildarinnar bæði á vorönn og haustönn. Sérteklega var vakin athygli á fréttabréfum ráðgjafardeildar og fræðsluefni á heimasíðu Fjölmenntar ásamt námsefni til fjarkennslu og voru verkefnastjórar hvattir til að deila þessu efni með leiðbeinendum og þátttakendum.

Aðstæður símenntunarstöðva eru eins og áður um margt ólíkar sem og þarfir sem fram koma á hinum ýmsu svæðum. Misjafnt er á milli símenntunarstöðvanna hversu vel

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

tilboð þeirra ná til fólks með mismunandi skerðingar. Áhersla hefur verið lögð á að kynna þjónustuaðilum betur menntunargildi námskeiða fyrir fólk með miklar þjónustuþarfir.

Fréttabréf

Frá byrjun árs 2021 hefur ráðgjafardeildin gefið út fréttabréf. Það ber titilinn „Fróðleiksmolar frá ráðgjafardeild Fjölmenntar“ og er ætlað forstöðumönnum, tengiliðum og öðru starfsfólki á heimilum þátttakenda sem og á vinnustöðum þeirra ásamt forstöðumönnum og verkefnastjórum á símenntunarstöðvum sem Fjölmennt er í samstarfi við. Markmið fréttabréfsins er að stuðla að því að þátttakendum nýtist námið sem best og að kynna möguleika í námi fyrir fólk með þroskahömlun og/eða á einhverfurófi.

Í fréttabréfinu eru þrjú kaflar: Fræðslumoli mánaðarins þar sem lögð er áhersla á að kynna aðferðir í kennslu sem gefið hafa góða raun á námskeiðum í Fjölmennt og sem nýst geta í námi fatlaðs fólks annars staðar sem og í daglegu lífi. Fræðslumolarnir eru yfirleitt tengdir við dæmi úr kennslustundum og leyfi fengið til að segja frá reynslu þátttakenda og birta myndir.

Annar kafli í fréttabréfinu er „Nýtt á heimsíðu Fjölmenntar“ þar sem kynnt er nýtt efni sem vistað hefur verið á heimasíðuna, ýmist fræðsluefni frá ráðgjöfum eða námsgögn frá kennurum á einstökum námskeiðum. Með þessu er ætlunin að vekja athygli á að það efni sem er á heimasíðunni er öllum til frjálsra afnota.

Þriðji kafli fréttabréfsins er yfirlit yfir þá þjónustu sem ráðgjafar bjóða upp á. Á heimsíðunni eru hnappar til að gerast áskrifandi á fréttabréfinu og sækja um ráðgjöf eða fræðslu.

Önnur viðfangsefni

Á árinu var lítið um að fagfólk kæmi til að kynna sér kennsluaðstæður, tækjabúnað eða ákveðin svið í kennslu og námstilboð Fjölmenntar. Sennilega má kenna það við COVID-19 og takmarkanir á allri beinni umgengni en einnig gæti þurft að vekja aukna athygli á því sem Fjölmennt hefur upp á að bjóða fyrir fagfólk, nú þegar heimsfaraldurinn virðist loksins vera að sleppa takinu. Nokkuð hefur verið um að ráðgjafar hafi fengið beiðni um að vera með fræðslu sem tengist þeirra sérsviði eða reynslu í starfi en ekki beint námi þátttakenda í Fjölmennt. Má þar t.d. nefna beiðni um fræðslu varðandi einhverfu og

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

beiðni um fræðslu um aðferðir til að eiga samtali við fólk sem notar óhefðbundnar tjáskiptaaðferðir. Þetta sýnir að lítið er til Fjölmenntar sem þekkingarmiðstöðvar og áhugi er fyrir fræðslu um ýmsa þætti sem tengjast þeirri þekkingu sem er til staðar í starfsmannahópnum. Vegna þröngrar skilgreiningar á hlutverki Fjölmenntar getur ráðgjafardeild ekki sinnt öllum beiðnum. Það má velta fyrir sér hvort útvíkka megi starfssvið þeirra þegar samtali fer fram um þjónustusamning Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis við Fjölmennt.

Áfram var haldið með þá fræðslu um hlutverk aðstoðarfólks sem byrjað var að þróa árið 2020 út frá niðurstöðum rannsóknar Helle Kristensen um sama efni í lokaverkefni hennar til M.Ed.-prófs í sérkennslufræði og skóla margbreytileikans. Ekki hægt að bjóða víðtæka fræðslu til starfsfólks á heimilum þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu vegna áhrifa COVID-19 faraldursins eins og til stóð áður en faraldurinn skall á. En þó voru haldnir tveir fræðslufundir að beiðni starfsmannahópa í tveimur búsetukjörnum á vorönn. Einnig var lokið við að útbúa og vista fræðsluefni með hnitmiðuðum myndböndum á heimasíðu sem ætlað er starfsmannahópum á starfsmanna- eða teymisfundum.

Einhverfuráðgjafi hefur séð um inntöku og utanumhald námskeiða sem sérstaklega eru hugsuð fyrir fólk á einhverfurófi. Haldin voru þrjú námskeið á árinu, *Japanska, Inngangur að grafískri vinnslu og Innan eða utan einhverfurófs-hver er munurinn?* Einhverfuráðgjafi sá jafnframt um kennsluna á síðastnefnda námskeiðinu.

Nýjung á árinu var sameiginleg fræðsla þátttakanda og ráðgjafa um einhverfu. Slík fræðsla var haldin tvisvar, annars vegar var það fræðsla fyrir aðstandendur og í síðara skiptið var fræðsla fyrir þá sem sóttu námskeið með þátttakanda og fyrir kennara námskeiðsins.

Önnur nýjung var að boðið var upp á vinnustofu um aðstoð við hljóðfæraleik fyrir aðstandendur og starfsfólk á heimilum þátttakenda sem skráðir voru á tónlistarnámskeið. Ástæða þótti til að bjóða upp á slíka fræðslu til að auka möguleika þátttakenda á að nýta sér hljóðfæraleik heima án þess að starfsfólkið þyrfti að eiga bakgrunn í tónlist. Haldin var ein slík vinnustofa á haustönn með þremur áhugasömum starfsmönnum/aðstandendum og þykir full ástæða til að bjóða aftur upp á slíka vinnustofu á næstu önn. Einnig voru útbúnar leiðbeiningar um hljóðfæraleik fyrir heimasíðuna sem kynntar voru í fréttabréfi ráðgjafardeildar.

Ráðgjafi fór tvisvar í heimsókn í Klúbbhúsið (aðstaða til tónlistariðkunar á vegum Reykjavíkurborgar) til að ræða um samstarf og langar ráðgjafa að þróa það áfram þar sem það getur verið öflugur liður í því að yfirfæra tónlistarnám hjá Fjölmennt á daglegt líf hjá þeim þátttakendum sem nýta sér þjónustu Klúbbhússins.

Öflug kynning fyrir starfsbrautir framhaldsskólanna var haldin á vorönn sem skilaði sér í mikilli aukningu á umsóknum frá nýjum þátttakendum á haustönn. Farið var í sex framhaldsskóla.

4. Samstarf við símenntunarstöðvar

Fjölmennt gerir samstarfssamninga við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni tvisvar á ári. Eftir hverja önn skila þær skýrslu um námskeið annarinnar og nýtingu fjármagns ásamt tölulegum upplýsingum sem sjá má hér aftast í skýrslunni.

Eins og allsstaðar í þjóðfélaginu hafði COVID-19 áhrif á starfsemi símenntunarstöðva. Árið 2020 var starfsemi víða lítil og varð því til óráðstafað fjármagn sem gert hafði verið ráð fyrir til stöðvanna í fjárhagsáætlun Fjölmenntar. Ákveðið var að láta stöðvarnar njóta þessa afgangis á árinu 2021. Flestar stöðvarnar höfðu því meira fjármagn til náms fyrir fatlað fólk það árið.

Það hefur lengi legið fyrir að endurskoða þarf skiptingu fjármagns til stöðvanna. Í þjónustusamningi Fjölmenntar við menntamálaráðuneyti er ekkert fjallað um greiðslur til símenntunarstöðvanna, engin regla um skiptingu né hversu mikið af framlagi Fjölmenntar á að fara í þennan lið. Í samningnum er því ekkert sem hægt er að styðjast við varðandi skiptingu. Undanfarin ár hefur forstöðumaður margítrekað þá ósk að fá umræður um þetta mál við menntamálaráðuneytið þar sem eðlilegt er að verklag við skiptingu fjármagns milli stöðva komi þaðan. Þetta mál er eitt af því sem stjórnin hefur sett á oddinn við endurskoðun þjónustusamnings.

Haustið 2020 var lögð vinna í að finna sanngjarna reglu sem nota mætti við skiptingu fjármagns milli stöðva. Fengnar voru upplýsingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og skoðaðar tölur frá Hagstofu um mannfjölda á hverju svæði stöðvanna. Engin niðurstaða varð af þessari vinnu en hún leiddi í ljós að ekki er einfalt að finna sanngjarna reglu. Halda þarf þessarri umræðu áfram og eðlilegt að yfirvöld menntamála komi að henni.

Forstöðumaður hefur í nokkurn tíma verið þeirrar skoðunar að framlög til símenntunar fatlaðs fólks eigi að lúta sömu lögmálum og annarrar símenntunar á svæðunum. Það skipulag væri í takt við hugmyndafræði um nám fatlaðs fólks og það nám á að skipuleggja með sama hætti og aðra símenntun. Það fyrirkomulag mundi einnig skapa tækifæri til náms án aðgreiningar og samlegðaráhrif við aðra nemendahópa á svæðunum.

Lokaorð

Líkt og árið 2020 setti COVID-19 heimsfaraldurinn svip á starfsemi Fjölmenntar árið 2021. Námskeið voru fámenn og mikið um einstaklingskennslu. Segja má að starfsemi á árinu hafi gengið vel miðað við aðstæður. Viðhafðar voru miklar smitvarnir, engin smit komu upp í Fjölmennt og enginn starfsmaður veiktist af veirunni og almennt lítið um að fólk væri frá vegna sóttkvíar.

Þjónustusamningur Fjölmenntar við mennta- og menningarmálaráðuneyti rann út í lok árs 2017. Samningnum hefur síðan, að ósk ráðuneytis, verið framlengt óbreyttum fjórum sinnum til árs í senn. Efnisleg vinna núgildandi samnings fór fram árið 2015 og er löngu tímabært að endurskoða hann.

Með nýrri verkaskiptingu ráðuneyta fellur starfsemi Fjölmenntar nú undir Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti. Þann 30. mars s.l. hélt Fjölmennt ráðstefnuna *Nám er fyrir okkur öll*. Um 200 manns sóttu ráðstefnuna sem var bæði kraftmikil og árangursrík. Guðmundur Ingi Guðbrandsson félags- og vinnumarkaðsráðherra flutti ávarp í upphafi ráðstefnu. Það var ánægjulegt og uppörvandi að hlusta á ráðherra segja að framundan sé endurskoðun laga um framhaldsfræðslu þar sem unnið verði að fjölbreyttu og aðgengilegu námi fyrir alla, alla ævi. Hann sagði jafnframt að menntun og aðgangur að námi sé eitt öflugasta tækið sem beita má til jöfnuðar í samfélaginu. Ég bind vonir við að framundan séu aukin tækifæri fyrir fatlað fólk, bæði hvað varðar nám og atvinnu og ég sé mikil tækifæri í því að mennta- og atvinnumál fatlaðs fólks séu undir sama ráðuneyti.

Haustið 2021 hófst úttekt á starfsemi Fjölmenntar. Henni mun vera að ljúka og niðurstöður væntanlegar á næstu vikum. Það er von mín að í framhaldinu hefjist umræður um nýjan þjónustusamning og endurskoðuð verkefni sem færi markhópi Fjölmenntar fjölbreytt menntunartækifæri.

Í ár á Fjölmennt 20 ára starfsafmæli. Eitt og annað verður gert í tilefni tímamótanna. Fyrirnefnd ráðstefna var hluti af viðburðum ársins og framundan eru veglegir tónleikar og árshátíð Fjölmenntar. Nú þegar sér fyrir endann á heimsfaraldri lít ég björtum augum til framtíðar og vona að starfsemin geti framvegis verið með eðlilegum hætti.

Ég þakka samstarfsfólki mínu og stjórn Fjölmenntar fyrir gott samstarf og sömuleiðis samstarfsaðilum og verktökum sem kennt hafa á námskeiðum á árinu.

Reykjavík, 11. maí 2022

Helga Gísladóttir, forstöðumaður Fjölmenntar

Tölulegar upplýsingar vorönn 2021

	Fjöldi námskeiða	Kennslustundir samtals öll námskeið	Fjöldi á öllum námskeiðum	Hversu margir nýta sér námskeið
Austurbrú Egilsstöðum	6	93	15	11
Farskólinn- miðstöð símenntunar á Norðurl. vestra	1	12	5	5
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	9	71	39	12
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi	29	284	66	59
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	5	114	30	17
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	15	106	110	67
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	23	485	46	39
Viska Vestmannaeyjum		Engin námskeið		
Þekkingarnet Þingeyinga	4	77	33	15
Fjölmennt - nám fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi	194	3.647	400	324
Sumarnámskeið - nám fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi	55	131	143	141
Fjölmennt - nám fyrir fólk með geðrænar áskoranir	10	183	33	28
Sumarnámskeið - nám fyrir fólk með geðrænar áskoranir	3	8	9	9
	354	5.211	929	727

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Tölulegar upplýsingar haustönn 2021

	Fjöldi námskeiða	Kennslustundir samtals öll námskeið	Fjöldi á öllum námskeiðum	Hversu margir nýta sér námskeið
Austurbrú Egilsstöðum	4	57	11	11
Farskólinn- miðstöð símenntunar á Norðurl. vestra	3	145	19	14
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	11	96	43	15
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi	30	316	60	59
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	8	170	33	23
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	7	61	48	42
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	24	397	56	47
Viska Vestmannaeyjum	2	21	14	10
Þekkingarnet Þingeyinga	4	87	28	14
Fjölmennt - nám fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi	185	3.302	400	356
Jólanámskeið - nám fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi	93	204	162	147
Fjölmennt - nám fyrir fólk með geðrænar áskoranir	8	172	27	23
Sumarnámskeið - nám fyrir fólk með geðrænar áskoranir	1	3	2	2
	380	5.031	903	763

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Menntun

Öll getum við lært - nám er fyrir okkur öll

Fjölmennt er framsækin símenntunarstofnun sem býður upp á fjölbreytt tækifæri til menntunar og fræðslu. Fjölmennt leggur áherslu á að fylgjast vel með því sem samfélagið hefur upp á að bjóða hverju sinni og þróa námskeið í samræmi við það. Fjölmennt leggur metnað sinn í að námið mæti þörfum, áhuga og lífsstíl sérhvers þátttakanda.

Fjölmennt kemur til móts við alla þátttakendur af fagmennsku og alúð og á þeirra forsendum. Allt námið byggist á virðingu og djúpri sannfæringu um gildi menntunar fyrir okkur öll. Lögð er áhersla á að koma auga á styrk og möguleika hvers og eins, í stað þess að stefna að fyrirframgefnum hugmyndum um árangur.

Námið byggist á upplifun, fræðslu og sköpun svo að þátttakendur geti í auknum mæli notið þeirrar færni sem í þeim býr. Námið er með ýmsu sniði, allt frá skipulagðri upplifun yfir í samfelldan námsferil um ákveðið námsefni. Öll námskeið eru byggð á traustum kennslufræðilegum grunni. Skipulagning og hönnun námskeiða er ávallt leidd af innsæi í aðstæður væntanlegra þátttakanda með viðeigandi kennslufræðileg leiðarljós í huga. Fjölmennt er leiðandi í nýjungum í námi og kennsluháttum.

Lögð er áhersla á samstarf við aðrar menntastofnanir í anda samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem kveður á um jafnan aðgang að námi.

Valdefling

Öll eigum við rétt á að ráða eigin lífi

Nám í Fjölmennt stuðlar að valdeflingu þátttakanda. Eitt helsta markmið starfseminnar er að fjölga tækifærum þeirra til að ráða eigin lífi og aðstæðum, að velja og ákveða. Í þeim anda geta þátttakendur haft áhrif á mótun eigin náms; viðfangsefni, framvindu og kennsluaðferðir. Starfsfólk leitar nýrra leiða til aukinnar samfélagsþátttöku og skapar vettvang til umræðu. Hvert og eitt okkar skiptir máli, á sína rödd í hópnum, fær hlustun og nýtur virðingar. Fylgst er vel með umræðu um mannréttindi, einkum mannréttindi fatlaðs fólks.

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Samstarf

Gott samstarf byggist á virðingu

Starfsfólk Fjölmenntar leggur sig fram um að eiga gott samstarf við þátttakendur og aðstandendur þeirra. Samstarfið byggist á heiðarleika, trausti og virðingu og eru þarfir og óskir þátttakenda ætíð hafðar að leiðarljósi. Starfsfólk Fjölmenntar starfar náið saman og leitar samstarfs við aðra fagaðila sem láta sig velferð þátttakenda varða.

Samstarf við þátttakendur um innihald náms, námsleiðir og kennsluaðferðir getur skipt sköpum um vellíðan, upplifun, námsárangur og það hvernig námið nýtist í daglegu lífi. Samstarf við aðstandendur og aðstoðarfólk þátttakenda í kennslustundum og utan þeirra skiptir miklu máli svo að árangur náist í náminu en verður ævinlega að vera á forsendum þátttakenda. Fjölmennt leggur áherslu á fræðslu til starfsfólks og samstarfsaðila í formi ráðgjafar og fræðslu.

Sveigjanleiki

Sveigjanleiki og aðlögun er lykillinn að árangri

Námsframboð Fjölmenntar er fjölbreytt og felur í sér sveigjanleika til að laga allt nám að þörfum hvers og eins, hvort sem litið er til kennsluaðferða, samsetningar hópa, einstaklingskennslu eða aðstöðu í kennslurými.

Námskeiðin eru einstaklingsmiðuð og þátttakendur geta haft áhrif á innihald námsins eftir því sem hugur hvers einstaklings stendur til. Kennslan tekur mið af styrkleika hvers og eins. Öllum þátttakendum er mætt þar sem þeir eru staddir og fundin leið sem hentar best hverjum og einum.